

Ísafjarðarbær
Axel Överby
Hafnarstræti 1
Ísafirði

Eftirfarandi er samantekt á helstu atriðum er varða breytingar á lögum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald, og áhrif þeirra á verksamning Terra hf. um sorphirðu og förgun í Ísafjarðarbæ. Samantektin er byggð á upplýsingum frá Gunnari Svavarssyni umhverfis- og byggingarverkfræðingi hjá Eflu verkfræðistofu.

- Breytingar á lögnum taka gildi 1. janúar 2023 og þá á miðju tveggja ára framlengingartímabili verksamningsins sem heimil er samkvæmt upphaflegum útboðsgögnum.
- Sérstök söfnun á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi skal fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús í þéttbýli. Í núverandi endurvinnslutunnu fer pappír og pappi sér í meginhólf og í innfellt sérilát fer plast, málmar fara í poka í innfelda ílátið svo allir flokkarnir eru aðskildir. Þetta er því í samræmi við breytt lög.
- Lífrænum úrgangi frá heimilum skal safna í sérstakri söfnum á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús í þéttbýli. Í núverandi sorptunnu er nú sérilát fyrir lífrænan úrgang og þetta atriði er því í lagi.
- Sérstök söfnun á málmum, gleri og textíl má fara fram í grenndargámum. Málsöfnun í endurvinnslutunnu heima er í lagi. Gleri er safnað í grenndargáma, sem er þá einnig í lagi.
- Textíl skal safna sérstaklega og þarf því grenndargáma fyrir það. Ég er ekki viss hvort Rauðakrossgámar fyrir föt o.fl. nægja, en það er líklegt. Annars þarf 5 nýja grenndargáma sem tæmdir yrðu á ca. mánaðarfresti og mynda kostnað, leiga, tæming og afsetning í endurvinnslu. Skoða þarf þetta atriði nánar.
- Sérstök söfnun á spilliefnum skal fara fram í nærumhverfi íbúa. Þarna mundi ég álíta að gámasstöðvar séu í lagi.
- Skylt verður að innheimta gjald sem næst raunkostnaði viðkomandi þjónustu, svo sem með því að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Þarna þurfa sveitarfélögin að endurskoða gjaldskrá þ.a. hún endurspegli raunkostnað. Samband sveitarfélaga er að vinna í greiningu á þessu sem mun skýra möguleika í þessu betur.
- Við meðhöndlun úrgangs skal nota samræmdar merkingar fyrir a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundir: pappír og pappa, málma, plast, gler, lífúrgang, textíl og spilliefni, sbr. nánari ákvæði í reglugerð sem ráðherra er heimilt að setja. Held að þetta muni ekki verða til kostnaðaraukningar að marki.
- Stefna ríkisstjórnar gerir svo ráð fyrir að skattur verði lagður á urðun, allt að 14 kr/kg hef ég heyrt, en þetta er ekki komið inn í lög enn og hefur verið frestað áður svo við sjáum til með það.

Samkvæmt þessu ættu breytingar á lögnum því ekki að hafa veruleg áhrif til hækkunar á þjónustu sem keypt er. Gott gæti verið að fá álit frá verktakanum, Terra hf. á þessu áður en til framlengingar kemur, ef þeir sjá þetta í öðru ljósi.

Ísafirði 16. nóvember 2021

Gísli Gunnlaugsson